



Fornleifaskráning

Vegna deiliskipulags
á Þingeyrum



Þingeyrakirkja

Guðný Zoëga

2004/30

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við skráningu	3
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	4
Staðhættir og lýsing	4
Hættumat	4
Heimildir	4
Saga jarðanna og fornleifar	5
Saga jarðanna og fornleifar	6
Þingeyrar	6
Ágrip af sögu	6
Náttúrufar og jarðabætur	8
Landamerki	8
Fornleifaskrá	9
Samantekt	17
Heimildaskrá	18

Yfirlitskort af deiliskipulagssvæði

Inngangur

Í tengslum við deiliskipulag vegna byggingar ferðapjónustuhúss á Þingeyrum, Austur Húnavatnssýslu var gerð vettvangskönnun vegna hugsanlegra fornleifa á deiliskipulagssvæðinu. Byggðasafn Skagfirðinga var fengið til að gera könnunina og fór hún fram þann 8. mars 2004. Skoðaður var deiliskipulagsreitur vestan við núverandi kirkjugarð þar sem reisa á ferðapjónustuhús sem og allar rafmagns- og vatnslagnir sem liggja munu að húsinu. Hér er einungis getið þeirra minja sem eru í eða við skipulagssvæðið. Þrír minjastaðir eru friðlýstir á Þingeyrum, Dómhringurinn svokallaði, búsetuminjar á Trumbsölum og Stígandahróf. Einn þessara staða, Dómhringurinn, er innan þess svæðis sem skoðað var. Þakkir eru veittar Gunnari Ríkharðssyni núverandi ábúanda á Þingeyrum, Jósef Magnússyni og Guðrúnu Vilmundsdóttur fyrrverandi ábúendum á Þingeyrum og Erlendi G. Eysteinsyni formanni sóknarnefndar Þingeyrarsóknar. Jón Torfason veitti góðfúslega leyfi til notkunar á óprentuðu handriti um sögu Þingeyra.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós

við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonnnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Þingeyrar - 144733, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 169 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Þingeyra væri nr. 4 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Þingeyrar – 144733-169-4.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Dómhringur eða Eldhúshóll, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning minja er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að

fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Í eftirfarandi kafla er stiklað á stóru um sögu byggðar í Breiðdal auk þess sem rakin er saga hvernar jarðar í stórum dráttum. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga jarðanna og fornleifar

Þingeyrar



Séð til norðausturs yfir bæjarstæði á Þingeyrum. Mynd GZ.

Ágrip af sögu

Þingeyrar eru einn af merkilegustu sögustöðum þjóðarinnar. Þar var forðum þingstaður og síðar kirkju- og klausturstaður. Þingeyrasveitar er getið í Landnámu, Sturlungu og Heiðarvígasögu. Í Landnámu segir: „Ásmundur nam út frá Helgavatni um Þingeyrasveit og bjó undir Gnúpi.”² Þingeyrar voru þó ekki landnámsjörð. Jarðarinnar er fyrst getið sem býlis árið 1133 en þá var stofnað þar klaustur og byggð kirkja. Núverandi bæjarhús standa sunnan á lágri bungu, svokallaðri Þingeyrabungu og munu bæjarhús til forna hafa staðið nokkurn veginn á sama stað, nálega í miðju gamla túnsins.³

Þingstaður Húnavatninga var settur á Þingeyrum snemma á þjóðveldisöld. Ekki er vitað með vissu hvar þinghald fór fram til forna en norðvestan bæjarstæðisins er allvegleg hringlaga hleðsla í túni sem nefnist Dómhringur og er talinn hafa tilheyrt hinu forna Húnaþingi.⁴

Ýmsar tilgátur hafa komið fram um hvar þingið muni hafa verið haldið, þar á meðal að það hafi verið haldið úti við norðausturströnd Hópsins eða við Húnavatn. Engar

² Íslendingasögur I. bindi, bls. 132.

³ Örnefnaskrá Þingeyra, Halldór Jónsson skráði, bls. 1.

⁴ Húnaþing II, bls. 320.

minjar hafa þó fundist sem bent geta til þinghalds þar.⁵

Brynjúlfur Jónsson fornfræðingur kom að Þingeyrum árið 1894 og taldi þingstaðinn hafa staðið þar sem bærinn stóð síðar. Byggði hann þá skoðun sína á málsgrein úr Biskupasögum þar sem segir af áheiti Jóns biskups Ögmundssonar og annarra á vorþingi á Þingeyrum að þar skyldi reisa bæ og kirkju að því gefnu að veðurfar batnaði.⁶ Á biskup að hafa tekið af sér skikkju sína og markað með henni grundvöll undir kirkjubygginguna. Einnig þóttist Brynjúlfur, auk Dómhingsins, greina tóftir í túni sem hann taldi greinilegar búðatóftir. Í Árbókinni 1895 skrifar hann: „En næstu þóttist jeg fá fullvissu, er ég sá, til og frá um suður- og vesturtúnið, mikinn fjölda af stórum fornum tóftum, sem eru, sumar hverjar, allglöggvar, og merkilega líkar búðatóftum á fornum þingstöðum. eru þær flestar nálega 8 faðma langar og 4 faðma breiðar, háar og veggjadigrar og nær fullar innan, svo að eins sjer bolla ofan í. Hinar glöggustu eru raunar ekki fleiri en 8-10; en svo eru margar óglöggvari, þó auðsjáanlega af sama taki, en þjettra settar saman. Þannig er það einkum neðan undir hlaðbrekkunni. Og sjeu þetta nú búðatóftir, þá er auðvitað, að mest hefir búðapýrpingin verið þar, sem nú er bærinn og kirkjugarðurinn, gæti þar hafa verið mikill fjöldi þeirra.”⁷ Þegar Brynjúlfur kom aftur að staðnum ellefu árum seinna var búið að slétta úr flestum þessara tófta og nú sér þeirra hvergi stað í túni.

Í sögu Jóns biskups Ögmundssonar segir að Þorkell trandill hafa búið fyrstur manna á Þingeyrum. Líklegt má telja að hann hafi byggt fyrstu kirkjuna á þar sem helguð var heilögum Nikulási. Talið er að klaustur hafi formlega verið stofnað á Þingeyrum um 1133 og var fyrsti ábótinn vígður þá. Á Þingeyrum var Benediktsregla. Klaustrið var við lýði í um 400 ár. Þar fór fram mikið mennta og menningarstarf en einnig varð klaustrið á þeim tíma mjög auðugt af jörðum og lausafé. Klaustrið stóð lengst allra íslenskra klaustra eða allt fram til 1550/51.⁸

Svokallaðir umboðshaldarar fóru með stjórn klausturs og staðar og fylgdu sýsluvöld í Húnaþingi gjarnan því embætti. Veglegur búskapur hefur verið á Þingeyrum frá upphafi en í úttekt á Þingeyrarstað frá 1684 eru talin 46 hús á staðnum.⁹ Fyrstu heimildir um umboðshaldarana eru frá 1554 eftir að klaustrið hafði formlega verið lagt af.¹⁰ Bærinn var byggður upp um 1700 er Lárus Gottrup lögmaður tók við staðnum en síðla á 18. öld er staðurinn farinn að láta á sjá og umsvif öll minni. Þegar Björn Ólsen flutti að staðnum 1807 voru hús og kirkja í mjög slæmu ástandi. Byggði hann staðinn upp, bæði hús og kirkju. Var gamla klausturkirkjan rifin árið 1817 og torfkirkja reist í hennar stað og stóð hún allt fram til þess að núverandi kirkja var reist. Björn keypti Þingeyrar árið 1812 og hefur jörðin verið í einkaeign síðan.¹¹ Núverandi eigandi hennar er Ingimundur Sigfússon, sendiherra.

Steinkirkja sú er nú stendur á Þingeyrum var reist 1864-1877 af Ásgeiri Einarssyni alþingismanni og þáverandi bónda á staðnum. Kirkjan var reist úr steini sem fluttur

⁵ Jón Torfason: Þingeyrar, óprentað handrit, bls. 8-9.

⁶ Jóns saga helga, Byskupa sögur, II. bindi, Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík 1948.

⁷ Árbók Hins Íslenska fornleifafélags 1895.

⁸ Jón Torfason, Þingeyrar, óprentað handrit, bls. 11.

⁹ Jón Torfason, Þingeyrar, óprentað handrit, bls. 52.

¹⁰ Jón Torfason, Þingeyrar, óprentað handrit, bls. 42.

¹¹ Jón Torfason, Þingeyrar, óprentað handrit, bls. 57-58.

var um 8 km. leið á uxasleðum vestan úr Nesbjörgum. Kirkjuna prýða margir merkir gripir. Má þar nefna legstein Gottrups lögmanns sem fannst þegar verið var að slétta úr gamla kirkjugarðinum.¹²

Náttúrufar og jarðabætur

Þingeyrar eru landmikil jörð sem nær milli Húnavatns og Hóps og teygir sig utan frá sjó fram á Hagann. Bærinn stendur sunnan undir svonefndri Þingeyrabungu og umkringja tún bæinn. Gamla túnið var allstórt en mikil nýrækt hefur farið fram á jörðinni. Engjar voru í óshólmun Vatnsdalsár. Beitiland var norður og vestur frá túni.¹³

Þingeyraklaustur hafði selstöðu undir Víðidalsfjalli en austurhlíð Víðidalsfjalls tilheyrir Sveinsstaðahreppi. Þar var haft í seli en einnig var búið þar af og til síðast 1930.¹⁴

Þingeyrarsandur liggur fyrir botni Húnaflóa. Hann er mikið flæmi, talsvert gróinn og um 40-50 ferkílómetrar að stærð. Nokkur gróður er á sandinum, melgresishólar og grasflesjur. Þar var gott vorland þar sem greri snemma og fjörubeit góð við sjóinn. Sauðum var jafnan beitt þar. Fjölbreytt fuglalíf var á sandinum og var töuverð eggjataka.¹⁵

Þingeyrar höfðu aðgang að selveiði í Húnaósi og Bjargarósi og laxveiði bæði í Vatnsdals- og Víðidalsám. Jörðin átti reka á Ströndum en einnig rak mikið á Þingeyrarsand.¹⁶

Landamerki

Í örnefnalýsingu eru landamerkjum lýst þannig: „Að austan eru merki jarðarinnar frá Búðartanga um Húnavatn, Giljarkvísl og Brekkukvísl, en þær eru hið forna árfar Vatnsdalsár. Frá Kvíslarkróki vestan Brekkukotshólma ræður bein lína í Merkjaþúfu; er þar suðuroddi engisins. Norðvestur frá Merkjaþúfu ræður Geirastaðadrag til Kvíslar sunnan Eyjabæjar og þá kvísl til Djúpavaðs, síðan Geirastaðadrag og Landengjakvísl til Fornastekkjara. Þá er lína um Hestakrök til Merkjadraags við Hóp. Sunnan Þingeyrasands liggja merki um Hópið og síðan um Bjargaós til sjávar. Merki milli Geirastaða og Þingeyra eru frá Búðartanga, lína vestur um Háugötur í Langalón, síðan lónið og lína, eins og það horfir til sjávar.”¹⁷

¹² Þorsteinn B. Gíslason: Kirkjur í Húnaþingi, Húnaþing I, 1975, bls. 112-113.

¹³ Húnaþing II, bls. 319.

¹⁴ Páll V.G. Kolka: Föðurtún, bls. 226.

¹⁵ Jón Torfason, Þingeyrar, óprentað handrit, bls. 82.

¹⁶ Jón Torfason, Þingeyrar, óprentað handrit, bls. 84/89.

¹⁷ Örnefnaskrá Þingeyra, Halldór Jónsson skráði, bls. 7.

Fornleifaskrá

Þingeyrar 144733 169 - 4

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Legi: N: 65° 33'10''

V: 20°24'13

Horfin: Engin merki eru nú lengur um bæjarhólinn



Eldra íbúðarhúsið á Þingeyrum stendur þar sem bærinn mun hafa staðið á öldum áður. Mynd GZ.

Staðhættir

„Þingeyrabær stendur sunnan í lágri bingu, Þingeyrabingu, norðast á Haganum. Þaðan er víðsýni mikið utan

til norðurs, en þar skyggir bungan á. Tún er í allar áttir frá bænum, en hann er nálægt miðju gamla túnsins. Hóll allverklegur var framan bæjarhlaðs, Bæjarhóll, og gengur frá honum brekkubarð, Brekka, til norðausturs og stóðu þar peningshús nokkur.” (ÖÞ:2)

„Rétt norðan við pakkhúsið var stóra íbúðarhúsið sem Jón Pálmason reisti skömmu eftir að hann kom að Þingeyrum. Vestan við það var gamalt búr, einu leifarnar af gamla bænum, eftir að nýja húsið reis. Hleðsla úr torfi og múrsteinum var utan við gamla búið, en nú er hún líka horfin.” (HÁH:31)

Lýsing

Gamla einbýlishúsið (það nyrðra) á bæjarstæðinu mun standa nálega þar sem gamli bærinn stóð. Nú er búið að slétta út umhverfis húsin þannig að einungis eru greinilegar leifar eins af öskuhaugunum sem getið er í heimildum. Bæjarhóllinn sjálfur hefur einnig verið sléttaður út. Engin merki eru heldur um eldri útihús við bæinn eða traðirnar en þær munu hafa legið eins og heimreiðin liggur nú að gamla bænum.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Þingeyra, Halldór Jónsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖÞ)

Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 1987. (HÁH)

Þingeyrar 144733 169 - 5

Hlutverk: Kirkja/kirkjugarður

Tegund: Heimild

Lega: N: 65°33'12'' V: 20°24'10''

Horfin: Horfin

Heimildamaður: Gunnar Ríkharðsson, ábúandi á Þingeyrum.



Séð frá gamla kirkjugarðinum til norðurs að núverandi kirkju

Staðhættir

„Gamli kirkjugarðurinn, austur frá bænum, er nú sléttaður og minnismerki færð saman...” segir í örnefnaskrá.(ÖÞ:2)

“Í gamla túninu eru miklar rústir og þar má sitt hvað finna, t.d. eru í öskuhaug gamlir múrsteinar. Í nágrenni þessa haugs stendur núverandi íbúðarhús. Þar norður af er gamli kirkjugarðurinn, ein dagsláttu að stærð. Hann var hlaðinn úr torfi á þrjá vegu; veggirnir þrjár álnir á þykkt í botn. Sú hliðin, sem snéri að bæ var smíðuð úr tré. Í garðinum eru 14 minnismerki, sem kirkjustjórn leyfði, að færð væru saman og girt af sem næst miðju garðsins. Nú er hann nokkru sléttaður og orðinn að túni. Þó sést þar enn fyrir kirkjurústum.” (ÖS:3)

„Þar sem kirkjan stóð áður en nú kominn vatnstankur. Óljóst sér marka fyrir gamla kirkjugarðinum en hann var allstór.” segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Lýsing

Kirkjugarðurinn hefur legið rétt 20 m norðan við gamla bæjarstæðið. Það eina sem

eftir er af kirkjugarðinum eru nokkur minningarmörk sem safnað hefur verið saman og girt í kring. Ekkert er nú eftir af túngarðinum og ekki markar fyrir leiðum eða kirkjurúst. Vatnstankurinn sem getið er um í athugasemdum við örnefnaskrá er nú hulinn jarðvegi og myndar hólbungu um 15 x 15 m í þvermál. Efst á hólnum eru leifar vindmyllu og mun hóllinn í daglegu tali kallaður Vindmylluhóll.

Aðrar upplýsingar

Gps hnit voru tekin þar sem minningarmörk standa afgirt sem á að vera í miðjum gamla kirkjugarðinum. Gps hnit var einnig tekið við vatnstankinn þar sem kirkjan á að hafa staðið. N:65°33'11'' V:20°24'13''

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Þingeyra, Halldór Jónsson skráði. Örnefnastofnun(ÖÞ).

Örnefnalýsing Þingeyra, Sölvi Sveinsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖS)

Örnefnaskrá Þingeyra, athugasemdir við örnefnaskrá Þingeyra, Jón Torfason skráði. Örnefnastofnun.

Þingeyrar 144733 169 - 6

Sérheiti: Eldhúshóll

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Hóll

Lega: N: 65°33'10'' V: 20°24'15''

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta vegna ábúðar

Heimildamaður: Jósef Magnússon sem bjó frá 1955-1975 á Þingeyrum.

Staðhættir

Í staðarlýsingu Huldu Á Stefánsdóttur segir: „Víst má telja, að Þingeyrarklaustur hafi staðið, þar sem gamli bærinn stóð, vestarlega í hólabyrpingu, sem umkringdi hann. Þessir miklu hólar, sem eflaust hafa allir verið gamlir öskuhaugar, settu sterk-an svip á umhverfið [...]



Eldhúshóll til vinstri með trjám, Vindmylluhóll á hægri hönd. Mynd GZ.

Fyrrgreindan hól vestan við bæinn heyrði ég nefndan Eldhúshól. Hefur hann sjálfsagt fengið nafn af því, að þangað hefur verið styst að bera öskuna úr gamla bænum, þar sem eldhúsið var vestast í húsaröðinni. Hefur það eflaust verið gert í áraraðir, en þessi hóll var fallegur í lögun og fyrir löngu orðinn grasi gróinn. Í hann gróðursetti ég fljótlega tré...”(HÁH: 31-32)

Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Umhverfis forna bæjarstæðið voru stórir öskuhaugar á þrjá vegu. Nú er aðeins einn eftir.”

Lýsing

Um 20 m vestan (norðvestan) við eldra íbúðarhúsið eru mishæðir sem í hefur verið plantað trjám. Kann að vera hóll sá er kallaður var Eldhúshóll í endurminningum Huldu. Hóllinn er um 20 x 30 m að umfangi og orðinn nokkuð mishæðóttur enda hefur verið grafið í hann. Um 10 m. norðan við þennan hól er annar manngerður hóll sem kallast í daglegu tali Vindmylluhóll.

Aðrar upplýsingar

Jósef Magnússon segir að öskuhaugar hafi verið umhverfis gamla bæjarstæðið á þrjá vegu til austurs, suðvesturs og vesturs. Nýrra íbúðarhúsið á staðnum mun standa á einum þessara hóla en þar kom ýmislegt upp úr jörðinni þegar verið var að grafa fyrir húsinu.

Heimildaskrá

Hulda Á Stefánsdóttir: Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi, 1987. (HÁH)

Örnefnaskrá Þingeyra, athugasemdir við örnefnaskrá Þingeyra, Jón Torfason skráði. Örnefnastofnun.

Þingeyrar 144733 169 - 3

Sérheiti: Dómhringur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag


Lega: N: 65° 33'10'' V: 20°24'13

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta vegna ábúðar

Staðhættir

Í örnefnalýsingu segir: „Norðvestur frá Brekku kallast Norðurtún, og tekur þá við





Horft til norðvesturs að Þingeyrakirkju, dómhringurinn fyrir miðri mynd. Mynd GZ.

Kirkjuvöllur milli bæjar og kirkju. Á honum norðaustur frá bænum, er dálítið hringlaga svæði, afmarkað með þúfnakransi í kring, en slétt innan hans. Þetta er Dómhringur; hann er nú friðlýstur.” (ÖP:2)

Um miðja vegu milli gamla bæjarstæðisins og núverandi kirkju er hringlaga gerði í túni, svokallaður Dómhringur.

Lýsing

Dómhringurinn er um 24 x 26 m. að ummáli, nálega hringlaga. Garðurinn er nokkuð greinilegur í túni þó svo að nokkuð sé hann útflattur. Þykkt garðsins er um 1,5 m. Engar dyr eru greinilegar á garðinum. Áfast við suðaustur horn garðsins er smá tóftarbrot um 3 x 2 m að innanmáli. Veggir eru á tvo vegu en dyr virðast hafa verið á tóftinni til suðausturs.

Heimildaskrá:

Örnefnaskrá Þingeyra, Halldór Jónsson skráði, Örnefnastofnun.

Þingeyrar 144733 169 - 7

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lega: N: 65°33'15" V: 20°24'01"

Horfin: Búið að slétta úr garðinum en þó má enn greina hann óljóst í túni.

Hættumat: Mikil hætta vegna ábúnaðar

Staðhættir

„Umhverfis gamla túnið var túngarður sem hefur nú verið sléttaður.” (JT:2)

„Kríngummi mikinn Part af Þingeyra Túni er tvöfaldur Túngardur, hér umm 2 Fadmar á millum þeirra, súnist hafa verið til að geima þar 2 edur 3 Hesta til forna ef mjög kinni áliggja að taka til þeirra...” (FF: 468)

Lýsing

Ógreinilegur túngarður liggur í boga út frá eystri kirkjugarðsveggnum miðjum. Hann liggur um 10 m suðaustan við túngarðinn sem enn er greinilegur til austurs frá kirkjugarðinum. Garðurinn er mjög útflattur og ógreinilegur en hann hefur legið í boga til austurs og svo til suðausturs niður túnið austan kirkjunnar og fram á brekkubrúnina norðaustan bæjarhúsanna. Hefur líklega legið áfram austur fyrir bæjarstæðið en þar er garðurinn horfinn vegna sléttunar.



Horft til vesturs að Þingeyrakirkju. Móta sést fyrir túngarði þar sem hann sveigir til vesturs í átt að kirkjunni. Mynd GZ.

Aðrar upplýsingar

Aðrir gps punktar sem teknir voru á garðinum:

N: 65°33'13" V: 20°23'57"

N: 65°33'14" V: 20°23'59"

N: 65°33'16" V: 20°24'04"

N: 65°33'16" V: 20°24'06"

N: 65°33'15" V: 20°24'11"

N: 65°33'15" V: 20°24'01"

Heimildaskrá

Jón Torfason, Þingeyrar, óprentað handrit. (JT)

Frásögur um fornaldarleifar 1817 – 1823 I-II bindi, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983. (FF)

Þingeyrar 144733 169 - 8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lega: N: 65°33'17" V: 20°24'12"

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta vegna ábúnaðar



Staðhættir

„Kríngumm mikinn Part af Þingeyra Túni er tvöfaldur Túngarður, hér umm 2 Fadmar á millum þeirra, súnist hafa verid til að geima þar 2 edur 3 Hesta til forna ef mjög kinni áliggja að taka til þeirra...” (FF: 468)

Lýsing

Nokkuð virkjamikill túngarður liggur í um 200 m. beint til austurs frá eystri kirkju-garðsveggnum og fram brekkubrún um 10 m norðan við ystu gripahús í túni, svokölluð Ystuhús. Mestur er garðurinn um 2,5 m. á þykkt. Þar sem hann kemur fram á brekkubrúnina

verður garðurinn ógreinilegri og er rofinn á tveimur stöðum. Neðan brekkunnar eru skurðir og ræktuð tún og má sjá mjög ógreinileg merki garðsins liggja eftir túnunum til austurs. Óvíst er að hér sé um túngarð þann að ræða sem getið er í Frásögum um

fornaldarleifar.

Aðrar upplýsingar

Gps hnit tekin við eystri enda garðs frammi á brekkubrúninni N: 65°33'18 V: 20°23'52

Heimildaskrá

Frásögur um fornaldarleifar 1817 – 1823 I-II bindi, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983. (FF)

Samantekt

Í þessari fornleifaskráningu voru einungis skráðar þær minjar er liggja nærri framkvæmdasvæði vegna deiliskipulags og aðveitulagna.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir útlínur núverandi kirkjugarðs og svæðis vestan og suðvestan kirkjunnar. Á svæðinu eru núverandi bílastæði við kirkjuna og til norðvesturs frá því liggur vegslóði. Vestan bílastæðisins, inni á skipulagssvæðinu er hluti af sléttri grasflöt og móaþýfi er norðan við bílastæðið og veginn sem liggur til norðvesturs frá honum. Engar minjar voru á deiliskipulagssvæðinu vestan og suðvestan kirkjunnar. Hinsvegar liggja leifar tveggja túngarða austur frá kirkjugarðsveggnum. Annar er mjög greinilegur og liggur beint til austurs en hinn er nú útflattur og sléttaður og liggur í sveig gegn um túnið austan og suðaustan kirkjugarðsins.

Einnig voru skoðuð lagnastæði vegna kalda- og heitavatnslagna auk rafstrengs að þjónustuhúsi og kirkju. Nú þegar er búið að leggja kaldavatnslögn og rafstreng en eftir er að leggja hitaveitu frá núverandi bæjarhúsum að kirkjunni. Leiðslan fyrir kalda vatnið liggur á ská niður túnið til suðausturs frá norðausturhorni kirkjugarðs. Hún hefur verið lögð í gegn um nyrðri túngarðinn en gert hefur verið við hann að því loknu. Rafstrengurinn liggur um 15 m. vestan við Dómhringinn svokallaðan og í gegn um gamla kirkjugarðinn. Eina lögnin sem eftir er að leggja er hitaveitulögn sem kemur til með að tengjast hitaveitulögnum milli íbúðarhúsanna tveggja um 10 m norðan eldra íbúðarhússins. Sú lögn kemur til með að liggja á milli Eldhúshóls, gamals öskuhaugs norðvestan bæjarhúsanna og svokallaðs vindmylluhóls til norðvesturs yfir túnið að kirkjunni.

Engar fornleifar eru á deiliskipulagssvæði umhverfis kirkjuna. Hinsvegar mun væntanleg hitaveitulögn liggja í gegn um svæði þar sem fornleifa er að vænta þó svo að jarðvegsframkvæmdir við lóð, vatnstank og veitulagnir hafi nú þegar valdið mikilli röskun á svæðinu. Því ber að hafa sérstakan vara á við lagningu hitaveitunnar. Verði fornleifa vart við jarðrask ber, skv. Þjóðminjalögum, þegar að hætta framkvæmdum og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins.

Þrátt fyrir að minjar séu ekki sýnilegar á yfirborði kunna þær að leynast neðanjarðar. Á jafn söguríkum stað og Þingeyrum má vænta þess að jörðin geymi minjar um þinghald, búskap og klausturhald fyrri alda. Því er nauðsynlegt að fara með mikilli varúð þegar farið er í hverskyns framkvæmdir sem leiða af sér jarðrask.

Heimildaskrá

Brynjúlfur Jónsson: Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894".

Árbók Hins Íslenska fornleifafélags 1895, bls. 1-10.

Brynjúlfur Jónsson: Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905". *Árbók Hins Íslenska fornleifafélags* 1906, bls. 4-6.

Byskupa sögur II. bindi, Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík 1948.

Frásögur um fornaldarleifar 1817 – 1823 I-II bindi, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983. (FF)

Hulda Á Stefánsdóttir: *Minningar Huldu Á Stefánsdóttur. Húsfreyja í Húnaþingi*, 1987.

Húnaþing I, Sigurður J. Línadal og Stefán Á Jónsson ritstjórar, Akureyri, 1975.

Húnaþing II, Sigurður J. Línadal og Stefán Á Jónsson ritstjórar Akureyri, 1978.

Íslendingasögur I. bindi. Landssaga og landnám. Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1946.

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847.

Jón Torfason: Þingeyrar, óprentað handrit.

Páll V.G. Kolka: *Föðurtún*, Reykjavík, 1950.

Þorsteinn B. Gíslason: Kirkjur í Húnaþingi, *Húnaþing I*, Akureyri 1975.

Örnefnaskrá Þingeyra, Halldór Jónsson skráði. Örnefnastofnun.

Örnefnalýsing Þingeyra, Sölvi Sveinsson skráði. Örnefnastofnun. (ÖS)

Örnefnaskrá Þingeyra, athugasemdir við örnefnaskrá Þingeyra, Jón Torfason skráði.

Örnefnastofnun.